

Föstudaginn 2. maí 1975.

Nr. 66/1973. **Sigurður Flosason**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Samvinnufélaginu Hreyfli og gagnsök

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Legi Einarsson og Magnús Þ.
Tórtason.**

Samvinnufélag. Félagsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem upprunalega var gagnáfrýjandi máls þessa, áfrýjaði málinu með stefnu 27. apríl 1973. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 12. apríl 1973. Af hans hálfu var eigi sótt þing í málinu hinn 2. nóvember 1973, og gekk þá útivistardómur. Hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 26. nóvember 1973, shr. 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst gagnáfrýjandi sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt sakargögnum eru eigi sannaðar þær ávirðingar á aðaláfrýjanda í skiptum hans við gagnáfrýjanda eða í störfum hans hjá honum, er réttlætt geti brottvikningu hans úr Samvinnufélaginu Hreyfli með þeim hætti, sem raun varð á og lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann nema um málskostnað.

Rétt þykir að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 80.000 krónur.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Á dómþingi 19. janúar 1973 var því lýst, að gagnaöflun væri lokið. Samdómendur tóku sæti í dóminum á dómþingi 26. febrúar s. á. Var sátt þá reynd að nýju, og nokkur dóms-skjöl voru lögð fram. Að svo búnu lýstu lögmenn gagnaöflun lokið og fluttu málið munnlega. Dómsformaður háði einn fyrri dómþing í málinu, þegar aðiljar komu fyrir dóm og vitni gáfu skýrslur. Þessir hættir um rekstur máls fyrir sjó- og verslunardómi ganga í berhogg við 205. gr. laga nr. 85/1936, en eigi þykir fullnægjandi ástæða til að ómerkja dóm-inn og málsmeðferðina af þeim sökum.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður nema um málskostnað.

Gagnáfrýjandi, Samvinnufélagið Hreyfill, greiði aðal-áfrýjanda, Sigurði Flosasyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 80.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. mars 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. febrúar sl., hefur Sigurður Flosason leigubifreiðarstjóri, Kársnesbraut 54, Kópavogi, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. september 1972, gegn Samvinnufélaginu Hreyfli til ógildingar þeirri ákvörðun stjórnar Hreyfils s/f samkvæmt bréfi, dags. 26. ágúst 1972, að svipta stefnanda félagsréttindum og víkja honum úr Hreyfli s/f svo og að svipta hann rétti til afgreiðslu af bifreiðastöð Hreyfils s/f. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi hafi lengi verið félagsmaður í stefnda. Hann hafi byrjað að keyra á bifreiðastöðinni

Hreyfli í febrúar 1951 og gerst félagsmaður í stefnda eitthvað seinna. Meðal félagsmanna í stefnda eru starfrækt ýmis áhugamannafélög, þar á meðal Íþróttafélag Hreyfils og Taflfélag Hreyfils, og hefur stefnandi verið í stjórn þessara tveggja félaga. Á árinu 1963 hófu þessi tvö félög blaðaútgáfu undir nafninu Hreyfilsblaðið. Stefnandi var frá upphafi í ritnefnd blaðsins og ritstjóri þess frá árinu 1965 eða fyrr. Í janúar 1971 voru fulltrúar taflfélagsins í ritnefnd blaðsins leystir frá störfum. Hinn 13. janúar 1972 var tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur, að þeir Gunnar Jónsson og Ragnar Sigurðsson reki ásamt stefnanda tímaritaútgáfu undir nafninu Hreyfilsblaðið á vegum Íþróttafélags Hreyfils. Stjórn stefnda óskaði eftir því við stefnanda, að hann léti afmá tilkynningu þessa úr firmaskrá Reykjavíkur. Við þeim tilmælum varð stefnandi ekki. Í stefnda eru starfræktir húsbyggingasjóður og tækifærisgjafasjóður. Á sumrinu 1972 neitaði stefnandi að greiða í sjóði þessa. Hinn 26. ágúst 1972 skrifaði stjórn stefnda stefnanda svohljóðandi bréf: „Stjórn s/f Hreyfils telur, að framkoma þín undanfarið sé til þess fallin að spilla álit félagsins út á við og vekja tortryggni og flokkadrætti inn á við svo að spillist góður félagsandi, sem er hornsteinn undir allri félagsstarfsemi okkar. Þar sem slík háttsemi brýtur í bág við a. lið 14. gr. samþykta félagsins, þá hefur stjórnin á fundi sínum í dag ákveðið að nota heimild nefndrar greinar til að svipta þig félagsréttindum og víkja þér úr s/f Hreyfli. Er þá jafnframt niður fallinn réttur þinn til afgreiðslu af bifreiðastöð félagsins. Þetta tilkynnist þér hérmeð. Brottvikning þessi er virk frá 1. september n. k.“ Stefnandi mótmælti strax þessari ákvörðun félagsstjórnarinnar með bréfi, dags. 30. ágúst sl. Gerði hann kröfu til þess, að framangreind ákvörðun yrði endurskoðuð og brottreksturinn afturkallaður fyrir 1. september sl. Þeirri kröfu var ekki sinnt.

Vegna máls þessa hafa komið fyrir dóm til yfirheyrslu stefnandi, stjórnarformaður stefnda, Þórður Elíasson, Grímur Runólfsson og Ingimundur Ingimundarson, stjórnarmenn í stefnda, og Einar Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnda.

Fyrir dómi taldi Þórður Elíasson aðalávirðingar stefnanda vera í sambandi við Hreyfilsblaðið, en útgáfa blaðsins hafi verið orðin nokkurs konar einkafyrirtæki stefnanda og hafi það verið gegn samþykkt aðalfundar 1969, en þar hafi verið ákveðið að breyta blaðinu og gera það víðsýnna. Eftir þennan aðalfund hafi nafn blaðsins verið skráð í firmaskrá, en þar sé útgefandi blaðsins skráður Íþróttafélag Hreyfils. Íþróttafélag Hreyfils og Taflfélag

Hreyfils hafi frá upphafi verið útgefendur blaðsins og hafi það verið með samþykki stjórnar stefnda, en Íþróttafélagið og taflfélagið hafi fengið styrk frá stefnda til starfsemi sinnar. Ekki séu allir félagsmenn í samvinnufélaginu félagar í Íþróttafélaginu eða taflfélaginu. Blaðinu hafi verið veittur styrkurinn gegn því, að félagsmenn samvinnufélagsins fengju blaðið frítt. Fjárhæð styrksins hafi verið, að því er Þórð minnti, kr. 7.50 til hvors félags á mánuði af hverjum manni, en þetta hafi verið innheimt um leið og stöðvargjald. Þróunin hafi orðið sú, að blaðið hafi hin síðustu ár verið skrifað í allt öðrum anda en í upphafi. Stjórnin hafi ekki talið blaðið hafa heimild til að skrifa óhróður um samvinnufélagið eða einstaka félagsmenn í því. Síðar hafi verið stofnuð fleiri áhugamannafélög af félagsmönnum samvinnufélagsins, þar á meðal bridgefélag og kvenfélag, en það sé félag eiginkvenna félagsmanna, og hafi verið samþykkt á aðalfundi á árinu 1969, hélt Þórður, að þessi félög hefðu samvinnu með Íþróttafélaginu og taflfélaginu um útgáfu blaðsins. Stjórnin hafi þess vegna viljað athuga og semja um eignir og skuldir blaðsins og endurskipuleggja rekstur þess, en það hafi allt strandað á stefnanda. Á aðalfundi 1969 eða 1970 hafi verið gerð sú samþykkt að hætta að veita styrk til Íþróttafélagsins og taflfélagsins í því formi, sem áður hafði verið. Einhvern tíma hafi verið skipuð óformleg nefnd til þess að reyna að komast að samkomulagi um blaðaútgáfuna. Í nefndinni hafi Þórður verið og Grímur Runólfsson frá samvinnufélaginu og svo frá Íþróttafélaginu Gunnar Jónsson. Árangur hafi enginn orðið af starfi þessarar nefndar. Stjórn stefnda hafi óskað eftir því að fá að sjá reikninga blaðsins, en við þeim tilmælum hafi aldrei verið orðið.

Fyrir dómi taldi Grímur Runólfsson aðalávirðingar stefnanda vera í sambandi við Hreyfilsblaðið, en blaðið hafi verið gefið út af Taflfélagi Hreyfils og Íþróttafélagi Hreyfils. Í sambandi við blaðaútgáfuna hafi stjórn stefnda ekki líkað við stefnanda. Hann hafi rekið blaðið eins og einkafyrirtæki. Í ritnefnd blaðsins hafi verið tveir ritnefndarmenn frá hvoru félagi, en stefnandi hafi verið í stjórn beggja félaganna. Ritnefndarmennirnir, sem tilnefndir hafi verið af taflfélaginu, hafi ekki verið í nánum tengslum við félagið og annar þeirra hafi verið hættur á bifreiðastöð Hreyfils, en svo hafi það verið, líklega í ársbyrjun 1971, að allar líkur hafi bent til þess, að hægt væri að ná samstöðu um víðari aðild að blaðinu og hafi þess vegna fulltrúar taflfélagsins verið látnir hætta í ritnefnd. En á árinu 1971 hafi þeir Grímur og Guð-

bjartur Guðmundsson verið tilnefndir af stjórn taflfélagsins til þess að taka sæti í ritnefnd blaðsins. Eftir að Grímur var tilnefndur í ritnefnd, hafi aldrei verið kallaður saman ritnefndarfundur. Málum taflfélagsins hafi ekki verið sinnt sem skyldi í blaðinu, en mál, sem tekin hafi verið til meðferðar í blaðinu, hafi verið til þess fallin að auka sundrung í samvinnufélaginu. Fjallað hafi verið um efni blaðsins á stjórnarfundum í taflfélaginu og reynt hafi verið að fá efni blaðsins breytt, en án árangurs, en á fundum þessum hafi stefnandi verið, þar sem hann hafi verið í stjórn taflfélagsins. Einnig hafi verið fjallað um efni blaðsins á aðalfundi í samvinnufélaginu. Taflfélagið og íþróttafélagið séu áhugamannafélög, en ekki deildir innan samvinnufélagsins, þannig að sumir af þeim, sem tefldu með taflfélaginu og tóku þátt í mótum, voru gamlir félagar í samvinnufélaginu, sem héldu áfram þátttöku í taflfélaginu, þótt þeir hefðu breytt um atvinnu. Stefnandi hafi ekki neitað um birtingu á greinum frá taflfélaginu, en stefnandi hafi eiginlega boðið upp á, að blaðið yrði vettvangur, þar sem fólk gæti hellt úr skálum reiði sinnar, þannig að svargreinar birtust. Í sambandi við framkvæmdastjóraskipti hjá samvinnufélaginu hafi birst greinar í blaðinu, en í greinum þessum hafi verið stuðlað að því að skapa læti í blaðinu í sambandi við framkvæmdastjóraskiptin. Umrædd framkvæmdastjóraskipti muni hafa átt sér stað á árinu 1969. Þá hafi Grímur ekki verið í stjórn samvinnufélagsins. Grímur sagðist telja, að Stefáni Oddi Magnússyni hafi verið sagt upp framkvæmdastjórastörfum með að minnsta kosti mjög stuttum fyrirvara.

Stefnandi hafi neitað að greiða í tækifærisgjafasjóð og húsbýggingarsjóð samvinnufélagsins, en allir aðrir félagar stefnda greiði í þessa sjóð og stefnandi hafi í upphafi líka greitt í þá. Sjóðir þessir séu starfræktir samkvæmt samþykktum aðalfunda félagsins. Komið hafi fyrir, að félagsmenn hafi skuldað framlög í sjóðina, en engir aðrir en stefnandi hafi neitað að greiða. Ekki sagðist Grímur muna, hve langur tími hafi liðið frá því að stefnandi neitaði að greiða framlög í sjóðina og þar til ákveðið var að svipta stefnanda félagsréttindum, en sagðist muna, að stefnandi hafi verið farinn að spyrja um, hvað yrði gert vegna neitunar hans á því að greiða í sjóðina. Hlutverk tækifærisgjafasjóðs sé m. a. að styrkja taflfélagið og íþróttafélagið. Einnig hélt Grímur, að blaðið muni einhvern tíma hafa fengið styrk úr sjóðnum. Einnig sé sjóðnum varið til kaupa á tækifærisgjöfum. Til muni vera reglugerð fyrir sjóðinn. Framlög í sjóðinn séu ákveðin á aðalfundi

og séu þau núna kr. 300 á mánuði. Í húsbyggingarsjóð séu framlög kr. 300 á mánuði. Húsbyggingarsjóður félagsins sé til þess að kosta byggingu á lóð félagsins, en félagið hafi fengið úthlutað stórri lóð með kvöð um ákveðna nýtingu og sé það meira húsnaði en félagið þurfi á að halda, en ljúka þurfi framkvæmdum eigi að síður og til þess að kosta þessar framkvæmdir sé m. a. húsbyggingarsjóður.

Ekki var Grími kunnugt um, að aðrir en stefnandi hafi verið sviptir endanlega félagsréttindum í stefnda, en komið hafi fyrir, að félagsmenn hafi verið sviptir aðstöðu og afgreiðslu á stöð félagsins um tíma. Ástæður fyrir því hafi verið ýmsar, m. a. framkoma gagnvart viðskiptavinum, en ekki treysti Grímur sér til að upplýsa þetta nánar og ekki heldur, hvort menn, sem gerst hafi brotlegir við refsilög, hafi verið sviptir félagsréttindum um tíma.

Ingimundur Ingimundarson taldi aðalávirðingar stefnanda felast í því, að hann hafi neitað að greiða í sjóði, sem samþykktir hafi verið á aðalfundi félagsins og stefnandi hafi sjálfur staðið að, en Ingimundur taldi, að ástæður stefnanda fyrir neituninni hafi helstar verið, að hann hafi viljað vekja tortryggni og flokka-drætti hjá félagsmönnum. Jafnframt hafi stjórn stefnda talið, að ef stefnanda liðist að greiða ekki í sjóðina, þá mundi það valda því, að fleiri neituðu að greiða. Stjórn stefnda fari með stjórn sjóðanna. Framlög í sjóðina þurfi að vera búið að greiða fyrir 15. hvers mánaðar og það hafi stefnanda verið kunnugt um. Stefnandi sé sá eini, sem hafi neitað að greiða í sjóðina. Húsbyggingarsjóður sé notaður beint í húsbyggingu félagsins. Tækifærisgjafasjóður sé notaður til kaupa á tækifærisgjöfum, einnig sé hann notaður sem sjúkrasjóður. Úr sjóðnum séu greidd framlög til taflfélagsins, íþróttafélagsins og bridgefélagsins og þar með sé upptalið það, sem sjóðir þessir séu notaðir til, en fé úr sjóðnum renni ekki í almennan rekstur stöðvarinnar. Allir félagsmenn greiði jafnt í sjóði þessa. Framlögin séu innheimt um leið og afgreiðslugjald.

Önnur ástæða fyrir brottvikningunni hafi verið Hreyfilsblaðið. Blaðið hafi farið nokkuð vel af stað, en síðustu blöð hafi verið mjög neikvæð. Þar hafi verið skrifaðar svívirðingar um ýmsa félagsmenn og fyrrverandi og núverandi stjórn. Einnig hafi birst í blaðinu sérstaklega svívirðileg grein um Ingjald Ísaksson, heiðursfélaga stefnda og einn af stofnendum stefnda, en Ingjaldur hafi verið formaður stefnda í 25 ár. Annað hvort hafi stefnandi eða Þorvaldur Jóhannsson skrifað grein þessa. Ingimundur sagðist

halda, að ætlast hafi verið til, að stjórnin skrifaði svargreinar í blaðið, en það hafi stjórnin ekki talið rétt. Stefnandi hafi verið ritstjóri blaðsins frá upphafi. Ekki sagðist Ingimundur muna, um hve langan tíma það hafi verið, að óviðeigandi greinar birtust í blaðinu, en tók fram, að á aðalfundi 1969 hafi verið rætt um blaðið vegna óviðeigandi greina, sem í blaðinu höfðu birst. Þeir Þórður Eliasson og Grímur Runólfsson hafi verið tilnefndir af stjórn stefnda til að semja við ritnefnd um breytta stefnu blaðsins, en það hafi ekki tekist. Eftir framhaldsaðalfund 1969 hafi stefnandi látið skrá í firmaskrá Reykjavíkur nafn Hreyfilsblaðsins, en stjórn stefnda hafi verið búin að banna, að nafn stefnda yrði notað í sambandi við blaðið.

Ekki hafi verið fleiri ástæður fyrir því, að stefnandi var sviptur félagsréttindum en í sambandi við blaðið og afstöðu stefnanda til sjóðanna. Stefnandi muni hafa verið aðvaraður, áður en hann var sviptur félagsréttindum, og hélt Ingimundur, að hann hafi verið aðvaraður bæði munnlega og skriflega og hélt, að það hafi gert annar hvor eða báðir, formaður stefnda og framkvæmdastjóri.

Það hafi komið fyrir áður, að menn hafi verið sviptir félagsréttindum í samvinnufélaginu, en ekki gat Ingimundur upplýst hvers vegna. Komið hafi fyrir, að menn hafi verið sviptir aðstöðu á stöð stefnda og hafi ástæður þá m. a. verið vanskil í sambandi við sjóði félagsins eða vanskil á afgreiðslugjöldum. Einnig hafi komið fyrir, að menn hafi verið sviptir aðstöðu á stöð félagsins, hafi þeir brotið refsilög. Ingimundur hélt, að komið hafi fyrir, að menn hafi verið sviptir aðstöðu á stöð stefnda endanlega, a. m. k. hafi sumir þeirra, sem sviptir hafi verið aðstöðu, ekki komið aftur. Ekki þorði Ingimundur að fullyrða um það, hvort menn hafi verið sviptir félagsréttindum vegna brota á refsilöggjöf, en sagði, að sumir þeirra hafi ekki komið aftur til starfa á stöðinni og horfið úr félaginu. Ekki vissi Ingimundur um aðra en stefnanda, sem sviptir hafa verið félagsréttindum hjá stefnda þau 15 ár, sem hann hefur verið í stjórn stefnda.

Einar Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnda, sagði, að stefnandi hafi borið eins og öðrum félagsmönnum í stefnda að greiða afgreiðslugjöld fyrir júní 1972 fyrir 15. dag júnímánaðar 1972 og hafi þá um leið átt að greiða framlög í tækifærisgjafasjóð og húsbýggingarsjóð. Þessar greiðslur í sjóðina hafi stefnandi neitað að greiða, og sagðist Einar Geir þess vegna hafa hinn 27. júní 1972 átt langar samræður við stefnanda og beðið stefnanda að

endurskoða afstöðu sína í sambandi við sjóðina og sagðist í því sambandi hafa bent stefnanda á, að það að neita að greiða gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir stefnanda. Stefnandi hafi ekki verið til viðræðu um að greiða í þessa sjóði. Einar Geir sagðist ekki hafa sagt við stefnanda, að afleiðingarnar gætu orðið þær, að stefnandi yrði rekinn úr stefnda. Það sé ekki í verkahring hans að taka ákvörðun um það, hvort félagsmaður í stefnda sé rekinn eða ekki. Hann hafi einungis tekið fram, að þetta gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Einar Geir var spurður um það, hvað hann hafi haft í huga með alvarlegum afleiðingum, og sagðist hann þá hafa m. a. haft í huga, að til þess gæti komið, að stefnandi yrði rekinn, en hann sem framkvæmdastjóri hafi ekki vald til að reka mann úr stefnda, það væri í verkahring stjórnarinnar að taka ákvörðun um slíkt.

Úr tækifærisgjafasjóði sé tekið fé til að styrkja menn, sem veikjast. Á aðalfundi 1972 hafi verið samþykkt að taka fé úr sjóðnum til þess að auglýsa upp stöðina, einnig sé úr sjóðnum varið fé til menningarstarfsemi innan samvinnufélagsins. Aðalfundur stefnda á árinu 1972 muni hafa verið í mars og svo framhaldsaðalfundur í apríl. Almennt sé aðalfundur haldinn í febrúar eða mars ár hvert, en oft hafi það verið þannig, að störfum hafi ekki verið lokið og þá verið boðað til framhaldsaðalfundar á haustin. En svo hafi það ekki verið síðastliðið ár.

Einar Geir sagðist hafa gert það, sem hann gat til þess að leysa ágreining stefnanda við stjórn stefnda, og hafi hann átt tal við Harald Sigfússon og Guðmund Gunnlaugsson og beðið þá að ræða við stefnanda um þessi mál. Ekki mundi hann, hvort þetta var áður en stefnanda var skrifað bréfið 26. ágúst sl. eða síðar. Einnig hafi hann beðið Þorleif Gíslason að reyna að fá stefnanda til að greiða í sjóðina og hélt, að það hafi verið, áður en stefnanda var vísað úr félaginu. Þorleifur hafi talað við stefnanda.

Einar Geir sagði, að þá er hann talaði við stefnanda um greiðslu í sjóðina, hafi talið einnig borist að Hreyfilsblaðinu, og sagðist Einar Geir hafa sagt stefnanda, að hann teldi blaðið, eins og það hafi verið síðast, neikvætt fyrir stefnda og þá sérstaklega út á við, en einnig inn á við. Ekki gat hann talið upp einstakar greinar, sem hann taldi sérstaklega neikvæðar, og sagði, að það væri langt síðan hann hafi lesið þetta blað, en almennt hafi verið fjallað þannig um ágreiningsefnin, að það væri ekki til þess fallið að auka hróður stöðvarinnar út í frá eða að stuðla að samstöðu inn á við.

Einar Geir sagði, að þann tíma, sem hann hafi unnið hjá stefnda, hafi enginn félagsmannanna annar en stefnandi verið rekinn úr stefnda.

Fyrir dómi bar stefnandi, að hann hafi byrjað að keyra á bifreiðastöðinni Hreyfli í febrúar 1951 og eitthvað seinna hafi hann orðið félagsmaður í Samvinnufélaginu Hreyfli. Hann hafi aldrei verið í stjórn þess. En Ípróttafélag og Taflfélag Hreyfils hafi gefið út blað frá árinu 1963 og hafi stefnandi verið í ritnefnd blaðsins frá upphafi og formlegur ritstjóri blaðsins hafi hann verið frá 1965 eða fyrr. Síðasta blaðið hafi komið út í maí 1971. Blaðið hafi verið rekið sem sjálfstæð stofnun undir stjórn ritnefndar, en í ritnefnd hafi verið tveir fulltrúar frá taflfélaginu og tveir fulltrúar frá ípróttafélaginu og hafi stefnandi verið annar fulltrúi ípróttafélagsins. Þannig hafi blaðið verið rekið, þar til fulltrúar taflfélagsins hafi hætt störfum í ritnefnd að fyrirlagi stjórnar taflfélagsins og hafi þá ritnefnd eingöngu verið þessir tveir fulltrúar ípróttafélagsins, þ. e. stefnandi og Gunnar Jónsson, sem nú er formaður ípróttafélagsins, en þeir tveir hafi bara staðið að útgáfu eins blaðs, en undirbúningur að blaðinu hafi verið talsvert á veg kominn, þá er fulltrúar taflfélagsins hættu í ritnefnd.

Stefnandi var spurður um, hvers vegna Hreyfilsblaðið hafi verið skráð í firmaskrá, og svaraði hann því til, að þá er taflfélagið hafi látið sína fulltrúa hætta störfum í ritnefnd, hafi þeir Grímur Runólfsson og Guðbjartur Guðmundsson sagt stefnanda, að samvinnufélagið ætlaði að gefa Hreyfilsblaðið út sjálft án tillits til þess, hvað stjórn ípróttafélagsins segði, og til að koma í veg fyrir þetta sagði stefnandi, að Hreyfilsblaðið hafi verið skráð í firmaskrá, en ípróttafélagið hafi þá í níu ár gefið blaðið út ásamt taflfélaginu nema síðasta árið, þá hafi ípróttafélagið staðið eitt að blaðinu.

Hreyfilsblaðið hafi verið stofnað á stjórnarfundi í ípróttafélaginu. Á þessum fundi hafi stefnandi verið, en hann og Þórður Sigurðsson hafi borið fram tillögu um stofnun blaðsins og jafnframt hafi verið ákveðið að bjóða taflfélaginu aðild að blaðinu, þar sem ípróttafélagið hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa eitt að útgáfunni. Blaðið hafi staðið sjálft undir útgáfukostnaði vegna tekna af auglýsingum nema fyrsta tölublaðið, til útgáfu þess hafi verið veitt fé úr sjóðum ípróttafélagsins og taflfélagsins.

Þeir Gunnar Jónsson og Ragnar Sigurðsson, sem ásamt stefnanda reka tímaritaútgáfu undir nafninu Hreyfilsblaðið á vegum

Íþróttafélags Hreyfils samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur 13. janúar 1972, séu báðir félagar í stefnda og í stjórn íþróttafélagsins. Stefnandi sé núna ritari íþróttafélagsins.

Stefnandi sagðist muna eftir viðtali við framkvæmdastjóra stefnda 27. júní 1972. Ekki sagðist hann muna eftir því, að samtal þetta væri langt, og minntist þess ekki, að framkvæmdastjórinn segði, að það gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir stefnanda, ef hann ekki greiddi í sjóðina. Framkvæmdastjórinn hafi tekið við afgreiðslugjaldinu og óskað eftir skriflegri greinargerð frá stefnanda um það, hvers vegna hann ekki vildi greiða í sjóðina, en bréfið á dskj. nr. 10 sé sú greinargerð. Stefnandi sagðist hafa verið á aðalfundinum, þar sem samþykkt hafi verið að verja fé úr tækifærisgjafasjóði til þess að auglýsa upp stöðina, og hafi stefnandi verið á móti þessari tillögu og hafi hann greitt atkvæði gegn henni, en mundi ekki, hvort hann tók til máls til að tala gegn tillögunni, en það hafi a. m. k. einn fundarmanna gert.

Stefnandi sagði, að hann hafi enga aðvörun fengið um það, að honum yrði vísað af stefnda, áður en hann fékk bréfið á dskj. nr. 5. Frá því að framkvæmdastjóri stefnda átti tal við stefnanda 27. júní sl., þá hafi hvorki framkvæmdastjórinn né stjórnarmenn stefnda haft samband við stefnanda fyrr en eftir mánaðamót ágúst/september sl.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar m. a. með því, að brottvikning stefnanda úr stefnda hafi verið fyrirvaralaus og þar af leiðandi ógild.

Einnig að ákvörðun stjórnar stefnda sé að forminu byggð á röngu lagaákvæði og af þeim sökum m. a. ógild. Ákvörðunin sé byggð á a lið 14. gr. samþykktu félagsins. En samkvæmt núgildandi lögum félagsins, eins og þeim hafi verið breytt hinn 14. mars 1945, hljóði a liður 14. gr. þannig: „Nú missir maður skilyrði samkv. 2. gr. og skal hann þá strikast út af félagsskrá 6 mánuðum eftir að hann hættir að eiga bifreið, sem rekin er frá stöð félagsins. Þetta ákvæði tekur þó ekki til fastra starfsmanna eða þeirra manna, sem hætta akstri til þess að gjörast fastir starfsmenn hjá félaginu“. Hins vegar hljóði a liður 14. gr. í hinum upphaflegu lögum félagsins frá 11. nóvember 1943 þannig: „Félagsmaður getur sætt brottrekstri úr félaginu a. Ef hann verður ber að því að spilla álitu félagsins eða vekja tortryggni hjá félagsmönnum“. Samkvæmt orðalagi greinarinnar verði brot félagsmanna að vera augljóst.

Í fyrrgreindri 14. gr., a lið, hinna upphaflegu laga félagsins sé engin skýring gefin á því, hvers konar athöfn eða athafnarleysi þurfi til, svo að hægt sé að tala um, að félagsmaður hafi spillt álit félagsins eða valdið tortryggni hjá félagsmönnum. Þó megi vera ljóst, að slík athöfn eða athafnarleysi þurfi að vera mjög alvarlegs eðlis, þar sem hér séu í húfi ekki aðeins félagsréttindi, heldur einnig atvinnuréttindi félagsmanns, sbr. 2. gr. lagana. Hér sé um mjög almennt ákvæði að ræða, sem sýnilega sé ekki í samræmi við 8. gr. laga nr. 46 frá 1937 um samvinnufélög. Beri því að túlka ákvæði þetta mjög þröngt með tilliti til þess, hvernig samvinnufélög eru byggð upp, en þau eigi að vera frjáls fyrir alla, sem fullnægi ákveðnum skilyrðum, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 46 frá 1937.

Með brottvikningu úr félaginu sé stefnandi í raun sviptur réttindum sínum til leigubifreiðaraksturs, þar sem skilyrði fyrir slíkum réttindum sé það, að leigubifreið hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sbr. 1. gr. laga nr. 36 frá 1970 um leigubifreiðar, sbr. og 2. mgr. 1. gr. sömu laga.

Fyrirsvarsmenn stefnda hafi á engan hátt reynt að færa sönnur á fullyrðingar sínar um, að framkoma stefnanda hafi verið „til þess fallin að spilla álit félagsins út á við og vekja tortryggni og flokkadrætti inn á við, svo að spillist góður félagsandi“.

Sjóðir þeir, sem stefnandi hafi neitað að greiða framlög í, hafi verið stofnaðir í samræmi við ákvörðun aðalfundar, án þess að til kæmi lagabreyting, og hafi því stefnanda verið frjálst að neita að greiða í sjóðina. Neitun stefnanda á því að greiða í sjóðina hafi því ekki verið brot á félagssamþykktum stefnda.

Fyrsta tölublað Hreyfilsblaðsins hafi komið út í desember 1963, en síðasta blaðið kom út í maí 1971. Hreyfilsblaðið hafi aldrei verið gefið út af stefnda. Útgefendur hafi verið Taflfélag Hreyfils og Íþróttafélag Hreyfils, en það séu sjálfstæð félög, en ekki deildir innan samvinnufélagsins. Stefndi hafi aldrei veitt Hreyfilsblaðinu fjárstyrk. Stefndi hafi veitt íþróttafélaginu og taflfélaginu styrk. Hreyfilsblaðið hafi staðið sjálft undir sínum útgáfukostnaði nema 1. tölublað.

Af hálfu stefnda eru kröfur rökstuddar með því, að stjórn stefnda hafi heimild til að víkja stefnanda úr stefnda. 14. gr. samþykkt stefnda sé í samræmi við 8. gr. laga nr. 46 frá 1937.

Þar sem stjórn stefnda hafi vísað til a liðs 14. gr. samþykkt stefnda, þá sé þar um misritun að ræða, sbr. dskj. nr. 4. Liður

þessi, sem upphaflega hafi verið a liður greinarinnar, sé nú b liður.

Samkvæmt 14. gr. samþykktu félagsins sé það stjórnar félagsins að meta það, hvenær brot félagsmanna séu það alvarleg, að sæta beri brottvísun, en samkvæmt niðurlagi greinarinnar geti félagsmaður, sem brottrekstri sætir, skotið máli sínu til aðalfundar til endanlegrar ákvörðunar. Hefði það verið rétt málsmeðferð og vafasamt hvort hinir almennu dómstólar megi fara með málið, að minnsta kosti þar til hinni félagslegu meðferð sé lokið.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að aðgerðir stefnda hafi haft áhrif á atvinnuleyfi stefnanda. Honum sé heimilt að ráðast í stöðvarpláss á hvaða bifreiðastöð sem er, annarri en bifreiðastöð Hreyfils. Tilvísun stefnanda til laga nr. 36 frá 1970 eigi því ekki við í þessu tilfalli.

Stefnandi hafi brotið firmalög og lög um varnir gegn ólög-mætum verslunarháttum með því að láta skrá Hreyfilsblaðið í firmaskrá. Blaðið hafi í upphafi verið gefið út með vitund og samþykki stjórnar stefnda, enda hafi blaðið fengið styrk frá stefnda.

Í hinum framlögðu eintökum af Hreyfilsblaðinu megi sjá dæmi um óviðeigandi blaðaskrif stefnanda.

Þegar litið er til 14. gr. samþykktu stefnda, segir svo í síðustu málsgrein: „Nú ályktar stjórnin, að félagsmaður sé rækur ger, og skal hún þá tilkynna honum það skriflega. Um félagslega ábyrgð hans fer eftir því, sem fyrir er mælt í undanfarandi grein-um, en skotið getur hann máli sínu til næsta aðalfundar“. Þetta ákvæði þykir verða að skilja þannig, að það sé heimild til mál-skots til aðalfundar, en ekki skylda. Samkvæmt samþykktum stefnda skal aðalfundur haldinn fyrir apríllök ár hvert. Stefnanda var vikið úr stefnda 1. september 1972 með bréfi, dags. 26. ágúst 1972. Verða það að teljast eðlileg viðbrögð hjá stefnanda að höfða strax mál á hendur stefnda án þess að biða fyrst í nokkra mánuði eftir næsta aðalfundi. Verður því ekki fallist á þá skoðun stefnda, að stefnanda hafi verið skylt að skjóta máli sínu til aðalfundar stefnda, áður en hann leitaði til hinna almennu dómstóla með mál sitt.

Þá verður ekki talið, að stjórn stefnda hafi óheft vald til að meta, hverjar ávirðingar eigi að valda brottrekstri úr félaginu, og styðst sú niðurstaða við 3. gr. laga nr. 46 frá 1937 og 4. gr. samþykktu stefnda.

Eftir því, sem fram er komið undir rekstri málsins, þá virðast ávirðingar stefnanda að mati fyrirsvarsmanna stefnda vera tvenns konar, í fyrsta lagi athafnir stefnanda í sambandi við Hreyfilsblaðið og í öðru lagi neitun stefnanda á því að greiða í tvo sjóði stefnda, húsbyggingarsjóð og tækifærisgjafasjóð.

Við munnlega flutning málsins lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir væru sammála um, að til grundvallar skyldu félagsmanna í s/f Hreyfli til að greiða í húsbyggingarsjóð og tækifærisgjafasjóð liggi aðalfundarsamþykkt. Í samþykktum stefnda eru ekki að finna ákvæði um sjóði þessa. Í bréfi stefnda frá 26. ágúst 1972 eru vanskil ekki talin meðal brottrekstursástæðna, en samkvæmt 14. gr., d lið, upphaflegra samþykktu stefnda, það mun núna vera e liður, er heimild til brottreksturs félagsmanns úr stefnda, ef hann sýnir félaginu ítrekuð vanskil. Samkvæmt skjölum málsins virðist stefnandi fyrst hafa neitað að greiða í sjóði þessa í júní 1972.

Eins og rakið hefur verið, mun Hreyfilsblaðið fyrst hafa komið út á árinu 1963, en síðasta blaðið í maí 1971. Stefnandi mun frá upphafi hafa verið í ritnefnd blaðsins og ritstjóri þess frá 1965 eða fyrr. Útgefendur blaðsins voru Íþróttafélag Hreyfils og Taflfélag Hreyfils, en félög þessi virðast vera áhugamannafélög félagsmanna stefnda, en ekki sé það skilyrði fyrir því að taka þátt í þessum áhugamannafélögum að vera félagsmaður í stefnda.

Á skjölum málsins má sjá, að um nokkurn tíma hefur verið ágreiningur á milli stefnanda og stjórnar stefnda um efni og útgáfu Hreyfilsblaðsins svo og um ýmis málefni stefnda. Á aðalfundi stefnda á árinu 1969 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Aðalfundur s/f Hreyfils 1969 átelur útgáfu Hreyfilsblaðsins á þessu ári, sem hefur verið mjög neikvæð fyrir félagið og til þess fallin að koma á stað illindum innan þess.

Fundurinn samþykkir því að banna notkun nafns Hreyfils í sambandi við blaðaútgáfu þessa nema því aðeins að samkomulag fáiist um nýtt og betra skipulag á útgáfunni, og sé þá jafnframt stjórn Hreyfils tryggð aðild til þátttöku og íhlutunar“.

Hinn 13. janúar 1972 var tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur, að þeir Gunnar Jónsson og Ragnar Sigurðsson reki ásamt stefnanda tímaritaútgáfu undir nafninu Hreyfilsblaðið á vegum Íþróttafélags Hreyfils. Stjórn stefnda óskaði eftir því við stefnanda, að hann léti afmá tilkynningu þessa úr firmaskrá Reykjavíkur. Við þeim tilmælum varð stefnandi ekki.

Að því leyti sem um hefur verið að ræða ámælisverða hátt-

semi af hálfu stefnanda og ekki samrýmanlega góðum félagsskiðum, en þar virðist einkum koma til álita útgáfa Hreyfilsblaðsins og skrásetning hennar í firmaskrá, eftir að til ágreinings út af henni var komið, þá þykja ávirðingar þessar ekki þess eðlis, að þær geti réttlætt brottrekstur stefnanda, án þess að fyrirfram væri tilgreint, í hverju ávirðingar hans væru fólgnar og hverju þær kynnu að varða. Þegar af þessum ástæðum verður niðurstaða málsins sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öðru leyti en krafan um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og meðdómendurnir dr. Gaukur Jörundsson prófessor og Eggert Kristjánsson lögfræðingur.

Dómsorð:

Ákvörðun stjórnar Hreyfils s/f samkvæmt bréfi, dags. 26. ágúst 1972, að svipta Sigurð Flosason félagsréttindum og víkja honum úr Hreyfli s/f svo og að svipta hann rétti til afgreiðslu af bifreiðastöð Hreyfils s/f er ógild.

Málskostnaður fellur niður.
